

Breiðdalshreppur  
Selnesi 25  
760 Breiðdalsvík



Reykjavík 1. mars 2017  
UST201701-265/K.S.J.  
10.04.02

### Efni: Lýsing. Aðalskipulag Breiðdalshrepps 2016 – 2036, tillaga

Vísað er til erindis Breiðdalshrepps er barst 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að aðalskipulagi Breiðdalshrepps 2016 – 2036.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og vill minna á eftirfarandi atriði:

#### Náttúruminjar


Í umfjöllun um staðhætti er lýsing á Breiðdal og þar kemur fram að fjarðarbotn Breiðdalsvíkur er sendinn og lokast af við Meleyri en innan við hana er stórt lón nefnt Leirur. Umhverfisstofnun bendir á að Leirur eru svæði nr. 651 á náttúruminjaskrá og í skránni segir: Leirur í Breiðdalsvík, Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu. „1) *Strandlengjan frá Stöpum suður að Skipeyri ásamt lóninu og ósnum.* 2) *Leirulón með miklu fuglalífi í nánd við þéttbýli.*“ Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að það sé haft í huga að náttúruminjarnar verði ekki fyrir raski, þegar unnið er að aðalskipulagstillögunni.


#### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og öll seyra skal urðuð á viðurkenndum urðunarstað fyrir seyru.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur